

N Á T T Ú R U F R Æ Ð I S T O F N U N Í S L A N D S

Umhverfisráðuneytið  
Hugi Ólafsson  
skrifstofustjóri  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK


Garðabær, 07. mars 2011  
2011020018/42-0  
TB  
jgo/tb

**Rannsóknaleyfi, fall úr Hágöngulóni**

Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 14. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ósk Landsvirkjunar um leyfi til rannsókna á mögulegum virkjunarkostum til að nýta fall úr Hágöngulóni. Í tillögum Landsvirkjunar er gert ráð fyrir göngum frá Hágöngulóni að Skrokköldu þar sem verði virkjun neðanjarðar og frárennsli í Svörtubotna og þaðan í Kvíslavatn. Fyrirhugað rannsóknasvæði liggur á milli friðlands í Þjórsárverum, að viðbættu svæði samkvæmt náttúruverndaráætlun, og að Vatnajökulspjóðgarði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir innsend gögn og gerir ekki athugasemd við að framangreint rannsóknaleyfi verði veitt. Stofnunin telur að allar rannsóknir eigi að taka mið af því að gera hugsanlega virkjun þannig úr garði að hún hafi eins lítil áhrif á náttúru umhverfisins eins og mögulegt er. Mikilvægt er í þessu sambandi að hefja strax undirbúning að nauðsynlegum náttúrufræðisrannsóknum. Jafnframt verði gert ráð fyrir að rannsóknirnar sjálfar séu eins umhverfisvænar og mögulegt er og skilji eftir sig lítil sem engin ummerki í náttúrunni s.s. vegslóða og að allur frágangur verði til fyrirmyndar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson